



Íslandsmót öldunga í borðtennis 2025

Íslandsmót öldunga í borðtennis 2025 fer fram í Íþróttahúsinu Fagralundi í Kópavogi, laugardaginn 10. maí 2025. Mótið er í umsjón Borðtennissambands Íslands og Borðtennisdeildar HK.

Leikið verður í fjórum aldursflokkum karla og kvenna í einliðaleik, fjórum aldursflokkum í tvíliðaleik og einum aldursflokki í tvenndarkeppni sbr. reglugerð Borðtennissambands Íslands um Íslandsmót.

Dagskrá

11.00 Tvenndarkeppni 40 ára og eldri, fædd 1985 og fyrr

12.30 Tvíliðaleikur karla 40-49 ára, fæddir 1975-1985

12.30 Tvíliðaleikur kvenna 40-49 ára, fæddar 1975-1985

12.30 Tvíliðaleikur karla 50-59 ára, fæddir 1965-1975

12.30 Tvíliðaleikur kvenna 50-59 ára, fæddar 1965-1975

12.30 Tvíliðaleikur karla 60-69 ára, fæddir 1955-1965

12.30 Tvíliðaleikur kvenna 60-69 ára, fæddar 1955-1965

12.30 Tvíliðaleikur karla 70 ára og eldri, fæddir 1955 og fyrr

12.30 Tvíliðaleikur kvenna 70 ára og eldri, fæddar 1955 og fyrr

14.00 Einliðaleikur karla 40-49 ára, fæddir 1975-1985

14.00 Einliðaleikur kvenna 40-49 ára, fæddar 1975-1985

14.00 Einliðaleikur karla 50-59 ára, fæddir 1965-1975

14.00 Einliðaleikur kvenna 50-59 ára, fæddar 1965-1975

14.00 Einliðaleikur karla 60-69 ára, fæddir 1955-1965

14.00 Einliðaleikur kvenna 60-69 ára, fæddar 1955-1965

14.00 Einliðaleikur karla 70 ára og eldri, fæddir 1955 og fyrr

14.00 Einliðaleikur kvenna 70 ára og eldri, fæddar 1955 og fyrr

Verðlaunaafhending verður að loknum úrslitaleikjum.

Fyrirkomulag keppni

Kept verður í riðlum í einliðaleik og síðan leikið upp úr riðlum með einföldum útslætti. Í tvíliðaleik og tvenndarkeppni er leikið með einföldum útslætti skv. reglugerð um Íslandsmót. Þó verður leikið í riðli ef þrjú pör eru skráð til leiks skv. sömu reglugerð. Þrjár unnar lotur þarf til að vinna leik.

Skv. reglugerð um Íslandsmót er lágmarkspátttaka í hverjum aldursflokki tveir í einliðaleik og tvö pör í tvíliðaleik og tvenndarleik. Þeir flokkar sem ekki uppfylla þessi skilyrði falla niður og

keppendur flytjast í næsta aldursflokk en veittur verður Íslandsmeistaratitill í þeim flokkum þar sem er skráður keppandi.

Við röðun í mótið verður farið eftir nýjasta styrkleikalista BTÍ, þ.e. listanum frá 1. maí 2025. Leikið verður með hvítum Stiga perform 3* 40+ kúlum. Mælst er til þess að leikmenn leiki í búningum síns félags. Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í öllum flokkum.

Þáttökugjöld og skráning

Skráning og greiðsla keppnisgjalda fer fram í gegnum skráningar og greiðsluforrit BTÍ á slóðinni: <https://bordtennis.is/skraning/oldungamot/>
Kennitölur skulu fylgja öllum skráningum í samræmi við keppnisreglur BTÍ.

Samkvæmt reglugerð er þátttaka á Íslandsmótum aðeins heimil íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum sem hafa verið búsettir og átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár þegar mót fer fram.

Síðasti skráningardagur er þriðjudagurinn 6. maí kl. 22.

Ef einhver vandamál eru með skráningarkerfið og greiðslu í gegnum formið má senda fyrirspurn með tölvupósti á netfangið asta@bordtennis.is.

Einnig má senda óskir um liðsfélaga í tvíliðaleik og tvenndarleik á netfangið asta@bordtennis.is og verður reynt að para staka leikmenn saman.

Þáttökugjald er 3.500 kr. í einliðaleik og 3.000 kr. fyrir parið í tvíliðaleik og tvenndarkeppni (1.500 kr. á mann). Keppnisgjöld verða ekki endurgreidd eftir að dregið hefur verið í mótið.

Dregið verður í mótið í Íþróttahúsi Snælandsskóla fimmtudaginn 8. maí kl. 20:00.

Mótstjórn

Ásta M. Urbancic, gsm. 895 96 93, asta@bordtennis.is

Sigurjón Ólafsson, gsm. 664 5505, sigurjon@bordtennis.is

Yfirdómari: Nafn tilkynnt síðar.

Fyrir hönd mótanefndar Íslandsmóts öldunga 2025

Ásta M. Urbancic